

| tíska | tíðarandinn | heilsa | hönnun | pistlar | matur | stjörnuspa |

birta

lætur sér bregða

JÁRNFRÚIN Í LÍBERÍU

» Fyrsti kvenforseti Afríku

NÁTTÚRUEFNI
& EÐALMÁLMAR

Dýrfinna Torfadóttir

MATUR

» Bökum bókur

ELI ROTH

» Þolir ekki að sjá alvöru blóð

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
24. - 30. nóvember

Jakki 10190
Buxur 4990
Skyrta 5990
Bindi 2490

Frakki 13790
Skyrta 2790
Buxur 3890
Belti 2990



Fyrir þig og þá sem
þér þykir vænt um...

Frakki 12590
Skyrta 3290
Peysa 2490
Buxur 4190
Belti 2890

Jakki 13790
Skyrta 3990
Buxur 6290
Belti 2.490



NEXT

KRINGLUNNI · 551 3200



Nýtt tákni um gæði

Sérstakt jólatilboð á Ford



Jólapakkinn í ár
Verðmæti 140.000 krónur
í formi afsáttar á beinskiptum,
5 dyra Focus með kraftmikilli 1,6i vél.
Einnig 50% afsáttur af gæða
vetrardekkjum frá Pirelli eða Nokian,



Pú kýst mest verðlaunaða bíl heims

Kauptu Focus á jólatilboði

Jólin nálgast - gerðu bestu jólainnkaupin í Brimborg



Jólatilboð 1.990.000 kr.
Ford Focus Trend Plus 1,6i 5 dyra, beinskiptur*
Bílasamningur 24.340 kr. Rekstrarleiga 34.990 kr.
Verð án jólatilboðs 2.130.000 kr.
Við staðgreiðum gamla bílinn þinn**

► Jólin eru komin í Brimborg og Focus bíður eftir þér. Veldu fimm dyra Ford Focus Trend með skemmtilegri 1,6i vél, beinskiptan eða sjálfskiptan. Kynntu þér jólaferð Brimborgar. Kynntu þér góð kjör, líka á bílasamningi og rekstrarleigu. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar. Fáðu lægri vexti. Lægra lántökgjald. Byrjaðu jólin á Focus Trend – komdu í Brimborg.

Aftáðu þér
fréttir og upplýsingar
www.ford.is

Ford tókst hið ómögulega

Gagnrýnendur segja að Ford hafi tekist hið ómögulega; að hanna bíl sem býður allt í senn: einstaka hönnun og hagkvæmni í farþegarymi, skemmtilegar vélar og óviðjafnanlega aksturs-eiginleika. Focus hefur hlotið 1. verðlaun á yfir 65 alþjóðlegum bílasýningum og fullt hús stiga hjá EuroNCAP. Allir bílar frá Ford eru búnir mjög miklum staðalbúnaði. Focus er þar engin undantekning. Skoðaðu staðalbúnað Focus á ford.is. Veldu Ford á jólatilboði Brimborgar.

Jólapakkinn í ár
Verðmæti 140.000 krónur
í formi afsáttar á beinskiptum,
5 dyra Focus með kraftmikilli 1,6i vél.
Einnig 50% afsáttur af gæða
vetrardekkjum frá Pirelli eða Nokian.



Jólatilboð Brimborgar

**JÓLIN NÁLGAST
OFURJÓLATILBOÐ Á FORD
KYNNTU ÞÉR GREIÐSLUKJÖRIN**



brimborg

Öruggur staður til að vera á



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

* Brimborg og Ford skilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bílasamningur er lén með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vörðum og gengi erlendis mynta. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendis mynta og vörðum þeirra. Smur- og þjónustustættir samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innihaldið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nærri upplýsingar veita söluáðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum eru allfargur og þokulýfis.



20



16

Þetta helst

- 7 Leðurhanskar
- 8 Heitt og kalt
- 8 Endurvinnsla á fötum
- 10 Brennslan mín: Daníel Óliver
- 12 Hugrekki getur haft mikil áhrif

Greinar og viðtöl

- 16 Hönnun: Náttúruefni og eðalmálmur
- 20 Sjónhverfingamaðurinn Eli Roth
- 24 Járnfrúin af Líberíu

Hann/hún

- 14 Samkvæmisleikir
- 26 Bókum bókur
- 32 Fjólubláir kjólar
- 34 Tíska: Flott framtíðarsýn
- 36 Tískuíkon: Grace Kelly
- 38 Uppruni púsluspilanna
- 40 Stjörnuspa
- 40 Trygvi Gunnarsson segir kynjasögur
- 44 Sigríður Tómasdóttir elur upp
- 46 Heilsa

Í hverju blaði

- 48 Krossgáta
- 51 Sjónvarp næstu viku
- 68 Sudoku



26



10

birta

24. – 30. nóvember 2006 nr. 47

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar
RITSTJÓRI: Kristín Eva Þórhallsdóttir
kristineva@frettabladid.is
ÁBYRGÐARMAÐUR: Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is
RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR:
Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 550 5000
DREIFING: Pósthúsið ehf., sími 585 8330

AUGLÝSINGAR:
Jón Laufdal / jonl@frettabladid.is
Sölustjóri / 550 5845 / 899 0797
Guðný Magnúsdóttir / gudnymagg@365.is
Markaðsfulltrúi / 550 5854 / 866 0796
Ragna R. Rúnarsdóttir / ragna.rosa.runarsdottir@365.is
Markaðsfulltrúi / 550 5863 / 896 6677
Auður Harpa Andrésdóttir / audur.harpa@365.is
Markaðsfulltrúi / 550 5828 / 892 8873

UMBROT: 365 – prentmiðlar
Völundur Jónsson og Linda Stefánsdóttir
PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf.
FORSÍÐUMYND: VALLI
NETFANG: birta@frettabladid.is
Birtu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Akranesi, Borgarnesi, Selfossi og Hveragerði.

Jól

á Óperu



Jólahlaðborð

Úrvals hráefni, Árni Ísleifsson handleikur pianóið, óvæntar upptökur og frábær þjónusta

kr. 5.500.-

Pantaðu borð í síma: 552 9499



Lækjargötu 2 / 101 Reykjavík

Texti: ÓLI HJÖRTUR ÓLAFSSON

Mynd: ANTON BRINK

Stíllisti: HAFRÚN ALDA

Leðurhanskar

„Finndu hvað mér er kalt á höndunum!“ hljómar oft nú þegar Vetur konungur er kominn til landsins í öllu sínu veldi. Þá er mikilvægt að klæða sig eftir veðrinu og ekki gleyma höndunum. Til allrar hamingju er til fullt af fallegum hönskum. Það fallegasta fyrir augað og hendurnar náttúrulega eru leðurhanskar. Þeir passa við öll fót og öll tilefni. Í vinnuna, á kaffihús eða í bíó. Ekkert tilefni er of stórt eða of lítið. Þeir eru bæði til fóðraðir, mynstraðir og einfaldir og í öllum regnbogans litum. Síðan eru þeir líka svo hlýir. Ekkert væl um kalda putta. Skelltu þér bara í flotta hanska.

| heitt & kalt |

Heitt
 Volgt
 Hvorki heitt né kalt
 Vio stofuhita
 Iskalt



ÆTTLEIÐINGAR. Það er spurning hvenær íslensk stórstjarna mun ættleiða barn úr þriðja heiminum, eins og erlendu stórstjörnurnar Madonna, Angelina og Brad. Við tökum hattinn ofan fyrir þeim.



RUSSELL CROWE. Ástralinn frægi styður íslenskan stjórnmálamann og er að koma í bíó með glænýja mynd sem hefur fengið afbragsdóma. Við styðjum Russell.



JÓLASTRESS. Tökum jólaundirbúninginn í skömmum og skipuleggjum okkur vel, þá er þetta ekkert mál.



80's tíska. Alls ekki svo flott lengur. Griffurnar og ermapúðarnir mega taka sér frí núna, enda ekki smekklegt.



HVAÐ ER MÁLIÐ MEÐ... Hvað er málið með að segja alltaf hvað er málið með???? Við á Birtu erum að verða bókstaflega geðveik á þessu.

Endurvinnsla á fötum

Flest okkar eiga mikið fleiri flíkur um ævina en fyrri kynslóðir. Sumum finnst það kostur, svo hægt sé að fylgja tískunni og fá tilbreytingu. En textílúrgangur er að verða að umhverfisvandamáli því flíkurnar hlaðast upp í geymslum og kössum og enda síðan oftast í ruslinu. Fataskiptapartí er stórsniðug lausn fyrir umhverfið og okkur hin sem langar stöðugt í ný fót. Partíin ganga út á að vinir hittast með hrúgur af fötum sem þeir eru hættir að nota og síðan geta allir tekið það sem þeir vilja og gefið flíkunum lengra líf og sparað sér búðarráp og stórfé. Fyrir þá sem nenna ekki að standa í partístússi er hægt að senda flíkurnar til Rauða krossins. Föt og klæði þurfa vera hrein, þurr og pökkuð í lokaðan plastpoka. Síðan er hægt að skila þeim í gáma merкта Rauða krossi Íslands á endurvinnslustöðvum. Ágóðinn rennur síðan til hjálparstarfs.

VERSLUN RAUÐA KROSSINS L12

selur notaðar flíkur, ágóðinn rennur til hjálparstarfa.



LOÐHÚFA úr kjallaranum getur öðlast nýtt líf í bland við nýjar flíkur.

Stundum fer maður bara **EINU SINNI Í PILSIÐ** sitt og verður síðan leiður á því - ef til vill það henti frekar einhverjum öðrum.




Ef maður er **VIRKILEGA HEPPINN** getur maður komið heim með Stelli McCartney hönnun úr fataskiptapartí eða aðrar spennandi flíkur.

Gospeltónlist

Gospeltónlistin, sem á rætur að rekja til guðþjónustu blökkumanna í Bandaríkjunum á fyrri hluta síðustu aldar, hefur nú náð að heilla Íslendinga. Nýverið komu út tveir íslenskir diskar með gospeltónlist þar sem íslenskir tónlistar-stórlaxar spreya sig á forminu. Sálín tók gospel í Laugardalshöllinni og er upptaka af þeim tónleikum komin

út á geisladisk og DVD. Auk þess sem rokkarinn Eiríkur Hauksson ásamt Páli Óskari og Margréti Eir tekur gospelið með stæl á nýútkomnum disk, Horfðu til himins.



HRINGUR TANKADOS EFTIR DAN BROWN

FRÁ HÖFUNDI DA VINCI LYKILSINS


ÓUMDEILDUR
MEISTARI HINNAR
ÚTHUGSUÐU
SPENNUSÖGU

„Heimurinn sem Hringur
Tankados lýsir er því miður
ekki fjarri raunveru-
leikanum.“

MacDonnell Ulsch, forstjóri
Öryggisráðs Bandaríkjanna



Þýðandi: Anna María Hilmarsdóttir



SELD Í
MEIRA EN
1.000.000
EINTÖKUM



BJARTUR



brennslan mín ...

Daníel Óliver

Suðupottur mismunandi laga

Daníel Óliver muna kannski margir eftir úr Idolinu í fyrra. Núna er hann mættur aftur hress til leiks með útvarpsþátt á Flass FM 104,5 og er sólóplata með honum væntanleg á markað. Daníel gaf okkur lista með tíu uppáhaldslögum sínum og um þennan lista hafði hann þetta að segja: „Þetta er suðupottur af mismunandi lögum sem mér þykir vænt um. Njótið vel.“

LAG 1

Guns N'Roses - Welcome to the jungle. Sennilega eina rokklagið sem ég fæ ekki nóg af. Þegar ég kem mér í ræktina að brenna spikinu þá er þetta lag á repeat! Ég nýt þess að syngja nananananana-partinn með HÁTT!

LAG 2

Beach Boys - Wouldn't it be nice. Þegar okkar frábæra íslenska skítaveður nær hámarki eftir jólin þá er þetta lag oft spilað í bílnum hjá mér til að ég missi ekki vitið í umferðinni og keyri niður gamlar konur.

LAG 3

Lenny Kravitz - American Women. Stundum fer ég á kagganum mínum niður Laugavegin og þykist vera ógeðslega heitur gaur. Þá er þetta lag blastað í botn þangað til bíllinn hristist eins og lest!

LAG 4

Björk - Who is it. Áður þótti mér Björk skritin og kínversk en núna finnst mér hún vera snillingur. Sem sýnir hvað smekkur minn á tónlist breytist hratt! Þetta lag með henni er yfírnáttúrulegt, en bjöllukjöllinn kjánalegur.

LAG 5

Queen - Don't stop me now. Þá sjaldan sem maður lyftir sér upp þá er þetta lag tilvalið í partíði. Það lyftir manni upp og svo ofar og ofar og ofar þar til maður man ekki lengur af hverju manni finnst það svona gott!

LAG 6

Pink Floyd - Money. Lag með tilgang. Mér finnst ég alltaf þurfa að fara í bankann þegar ég heyrir þetta lag. Svo er þetta bara gott lag og minnir mig á að borga reikningana. Tvöföld ánægja skiluru?

LAG 7

Eric Clapton - Tears in heaven. Þetta lag samdi Clapton þegar hann missti son sinn. Svo söng ég það í stórafmáli hjá afa mínum og stemningin varð eins og í jarðarför. Afi er ekki ennþá búinn að fyrirgefa mér.

LAG 8

The Beatles - Ticket to ride. Ég tók þetta lag í Idol því að ég var svo ástfanginn af því. Ég datt reyndar út í þeim þætti og ég er ekkert voðalega ástfanginn lengur en mér finnst lagið samt ennþá rosalega gott.

LAG 9

Jesse McCartney - The Stupid thing. Hann er í uppáhaldi hjá öllum stelpum í Bandaríkjunum, þar sem ég var. Rosalega gott lag, en mér líður alltaf eins og hormónatrufuðum unglingi þegar ég hlusta á það! Skritið ha?

LAG 10

Svenni Björgvins - Don't you forget about me. Þetta er uppáhaldslagið mitt á nýjustu plötu Svenna Björgvins en ég nýt þess heiður að vera sonur hans. Platan er ekki komin út en ég mæli með þessu lagi þegar hún kemur.

» birta mælir með ...

... **JÓLASÍLD ORA 2006.** Þegar eitthvað hollt, gómsætt, krassandi, vítamínríkt og mettandi vantar, annað hvort í forrétt eða á hlaðborðið þá mælir Birta með jólasíldinni frá Ora ofan á íslenskum þrumara. Með keim af negul, eini-berjum, rósapípar, sinnepsfræjum og lárviðarlaufi kórónar hún máltíðina.



... FYRSTU SKÁLDSÖGU HAUKS MÁ

HELGASONAR Svavar Pétur & 20. öldin. Bókin segir á gráglettni hátt frá bankastarfsmanninum Svavari Péttri sem lendir í óvæntri atburðarás þegar hann samþykkir að flytja lík Johns Lennon frá New York til Kópavogs. Vel skrifuð og á köflum stórskemmtileg saga.



... **BEST Í HEIMI.** Þetta leikrit bregður spegli upp að sjónu fjallkonunnar og sýnir Íslendingum sjálfa sig með glöggum gests augum. Áhorfandinn bæði hlær og grætur, skemmtir sér stórvel og kemur út úr lönð fróðari og einnig nokkuð hugsi. Leikrit sem maður þarf nauðsynlega að tala um eftir að því er lokið.




... **CASINO ROYALE**, nýjustu James Bond myndinni. Í meðförum Daniel Craig er Bond kynþokkafullur og tilfinningaþrunginn harðjafi sem fær alla til að kíkna í hnjúnum. Gæti varla verið betra.

Upphitanlegar grifflur

NÝTT

Grifflurnar eru úr ull og ósköp venjulegar útlits að undanskildum rafmagnssnúrum sem má tengja við USB-tengi á tölvum, leikjatölvum og Xbox 360, en við það hitna þær á örskömmum tíma. Er snúrnum einfaldlega stungið í samband þannig að ekki er krafist sértækrar tæknikunnáttu af notendum.

Grifflurnar koma að góðum notum þar sem húskuldi er fyrir hendi eða fyrir kulsækna. Hægt er að panta sér grifflur inni á síðunni www.perpetualkid.com.





Við erum **geðveikt** góð saman

Sparisjóðurinn og viðskiptavinir hans sameinast nú um að styrkja samtök sem vinna að úrbótum í geðheilbrigðismálum. Fjórði hver Íslendingur á við geðræn vandamál að stríða einhvern tíma á ævinni en með réttri meðhöndlun og stuðningi eru yfirgnæfandi líkur á að fólk nái bata.

Við bjóðum viðskiptavinum Sparisjóðsins að velja eitt af þeim átta félögum sem við höfum ákveðið að styrkja í ár. Þá mun Sparisjóðurinn greiða 1.000 kr. fyrir hvern þann viðskiptavin sem tekur þátt. Auk þess geta allir, viðskiptavinir og aðrir, lagt málefnið lið og bætt við upphæð að eigin vali. Farðu inn á www.spar.is eða komdu í næsta Sparisjóð og gefðu þinn styrk.

PIRIS/SIA



 **SPARISJÓÐURINN**
– fyrir þig og þína



Viðtal: EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR Mynd: HEIÐA

» HUGREKKI GETUR HAFT MIKIL ÁHRIF «

Stígamót og karlahópur Femínistafélagsins standa fyrir málþingi á morgun, þann 25. nóvember, í Tjarnarbíói um sekt kvenna og ábyrgð karla. Málþingið er haldið í tilefni af Sextán daga átakinu sem gengur út á að vinna gegn kynferðis- ofbeldi. Meðal skipuleggjenda málþingsins eru Kristbjörg Kristjánsdóttir, starfskona Stígamóta og Hjálmar Sigmarsson sem er í karlahópi Femínistafélagsins.

AF HVERJU MÁLÞING UM ÞESSI EFNI?

Kristbjörg: Skömmín, sem er algengasta afleiðing kynferðisofbeldis, kemur af þeirri ranghugmynd samfélagsins að konur bjóði upp á ofbeldi. Þegar gefið er í skyn að konur sem daðra, eru undir áhrifum eða klæða sig ögrandi beri einhverja ábyrgð á verknadnum er verið að mæla sektina og gera ofbeldismanninn ósýnilegan. Þessu getum við breytt. Stígamót eyða tvö þúsund klukkustundum á ári í að leiðrétta ranghugmyndir kvenna um þeirra sekt á ofbeldinu sem þær verða fyrir og 86,3% kvenna sem leita til okkar telja sig bera einhverja eða fulla ábyrgð því.

Hjálmar: Í ljósi þeirra umræðna sem hafa verið um nauðganir upp á síðkastið höfum við í karlahópi Femínistafélagsins verið að leggja áherslu á að karlar taki ábyrgð á því sem er að gerast í þeirra umhverfi og sýni ábyrgð.

HVERNIG ÆTLIÐ ÞIÐ AÐ FJALLA UM SEKT KVENNA?

Kristbjörg: Við ætlum að skoða af hverju hún er svona ríkjandi í samfélaginu, vera með almenna

fræðslu um það hvernig kynferðisofbeldi getur aldrei verið brotaþola að kenna og gera ofbeldismennina sýnilega því það er aldrei talað um þá. Við erum alls ekki að gefa í skyn að allir karlmenn séu ofbeldismenn og langflestir þeirra eru yndislegir en skemmdu eplín eru í þeirra hópi og það gerir þetta svolítið karlavandamál. Umræðan hefur alltaf verið meðal kvenna og við ætlum táknað að færa hana yfir til karla. Þess vegna biðjum við konur að mæta með steina á málþingið sem tákna sektarkenndina og reisa vörðu á sviðinu sem mun standa sem minnismerki þegar ráðstefnan hjá körlunum byrjar.

HVERNIG TAKIÐ ÞIÐ Á ÁBYRGÐ KARLA?

Hjálmar: Við ætlum að fjalla um mikilvægi þess að karlmenn og allt samfélagið geri sér grein fyrir því hvernig á að tala um kynferðisofbeldi því ennþá er verið að gera lítið úr þessum glæp á einn eða annan hátt. Markmiðið er að fá karlmenn til þess að hlusta, taka afstöðu og sýna afstöðu. Að sýna afstöðu þarf ekki að vera svo flókið því það getur verið nóg að stoppa einhverja umræðu eða óviðeigandi brandara.

HVAÐ FINNST YKKUR UM ÞÁ HRÆÐSLU SEM HEFUR GRIPID UM SIG Í KJÖLFAR NAUÐGANA SÍÐUSTU VIKNA?

Kristbjörg: Það er alltaf mjög gott þegar svona mál rata inn í fjölmiðla og þegar konur leita sér hjálpar. Þetta er samt engin breyting á þeim veruleika sem við höfum búið við á hverjum degi á Stígamótum í þau sextán ár sem þau hafa starfað og Ísland er ekkert hættulegra í dag en það er búið að vera undanfarin ár.

ER EITTHVAÐ SEM ALLIR GETA GERT TIL ÞESS AÐ BÆTA ÁSTANDIÐ?

Hjálmar: Allir geta sýnt hugrekki. Hugrekki Telmu Ásdísardóttur hefur til dæmis gefið mörgum von og mikið hefur breyst á þessu eina ári síðan saga hennar kom út. Hugrekki hefur alltaf mikil áhrif. Það að sautján ára strákur standi upp og segi vinum sínum að hætta að tala niðrandi um konur eða koma illa fram við vinkonur þeirra er hugrekki. Þetta hugrekki getur haft áhrif á stóran hóp og skipt miklu máli.

jólin koma...



LÍNAN

H Ú S G Ö G N

SUÐURLANDSBRAUT 22

SÍMI 553 7100 • www.linan.is



Hér á árum áður var mjög algengt að fullorðið fólk léki sér í samkvæmum. Skipulagðir samkvæmisleikir urðu til þess að fljótlega losnaði um hömlur hjá mannskapnum og minna þurfti að reiða sig á áfengi til að hafa það gaman. Kinnar roðnuðu og ákafinn greip fólk með þeim afleiðingum að stuðið varð æ meira. Svo enduðu allir á að dansa fram á morgun.



Texti: MARGRÉT HUGRÚN Mynd: GETTY IMAGES

Leikum okkur og sprellum saman!

Í dag tíðkast það að fólk leiki sér svona saman í brúðkaupum, enda er þá flest reynt til að gera veisluna sem skemmtilegasta. En hvernig væri að leiða fólk saman í leiki í fleiri veislum? Það þarf ekki að vera um jafn dramatískan viðburð og brúðkaup að ræða. Samkvæmisleiki má fara í hvort sem er eftir sunnudagsmatinn með stórfjölskyldunni, í fertugsafmælum, vinnustaðapartíum eða bara hvaða samkomu sem er þar sem fólk hittist til að gera sér dagamun.

FATADANS: Nokkrum körlum og konum er stillt upp í hring. Fólkið er svo látið hafa poka af fötum (oftast fyndið að nota kvenföt og undirföt) og svo er pokinn látinn ganga um leið og tónlist er spiluð. Þegar tónlistin er stöðvuð á sá/sú sem heldur á pokanum að smella sér í eina flík af handahófi, og svo heldur þetta áfram þar til pokinn er tómur.

DAGBLAÐSDANSILEIKUR: Allir taka þátt nema dómariinn. Þör eru látin hafa síðu úr dagblaði og á henni á að dansa þar til einhver stígur út af, en um leið og fólk fer út fyrir síðuna er það dæmt úr leik. Þegar nokkur þör eru dottin út á að brjóta síðuna aftur og svo keppist fólk áfram um að halda jafnvægi inni á hálfri dagblaðssíðu. Eftir því sem líður á leikinn og fleiri detta út, er upplagt að halda áfram að brjóta blaðið saman þar til fólk endar á að þurfa að dansa á einum fæti, ef það tekst?

ÁVAXTAKARFAN: Allir mynda hring og hver og einn velur sér nafn á ávexti. Leikurinn hefst á því að fólk, eitt í einu, kynnir sinn ávöxt með því að klappa saman höndum og klappa á lærin, en það má alls ekki sjást í tennur þegar ávöxturinn er nefndur. „Mandarína“ (eða hvaða ávöxtur sem er) byrjar svo á að skora á t.d. kirsuberið og þá klappar hún og segir um leið „mandarína, mandarína, kirsuber, kirsuber“. Kirsuberið tekur strax við og skorar á annan, klappar um leið og segir „Kirsuber, kirsuber, mangó, mangó“ og svo koll af kolli, Fólk dettur úr leik um leið og það sést í tennurnar á því eða það missir taktinn. Svona gengur þetta þar til einn ávöxtur stendur eftir. Mjög fyndinn og skemmtilegur leikur.

APPELSÍNUDANSINN: Þessi er frægur. Þar er látið dansa með appelsínu á milli sín sem er haldið uppi með því að parið þrýstir ennum saman, en með appelsínuna á milli. Það þar sem missir appelsínuna dettur úr leik og síðasta parið til að missa sína appelsínu sigrar.

PEKKTU MAKANN Á FÓTLEGGJUNUM: Nokkar konur, eða karlar, eru tekin úr salnum og það er bundið fyrir augu þeirra. Þegar þau koma aftur eiga þau að reyna að þekkja makann sinn með því að þreifa á fótleggjum makans. Það fólk sem er síðast til að þekkja sinn maka, tapar.

Íslenskar spennusögur á heimsmælikvarða

FARÞEGINN er skemmtileg og hraðfleyg spennusaga sem sleppir ekki hendi af lesanda fyrr en hún er öll.

Þetta önnur spennusagan sem Árni Þórarinnsson og Páll Kristinn Pálsson skrifa saman. Sú fyrri, *Í upphafi var morðið*, hlaut frábærar viðtökur.



Þessa leggurðu ekki frá þér fyrr en síðasta blaðsíða hefur verið lesin.

„Þetta er gæsaþúð!
Snjöll og margslungin!“

*Jakob Bjarnar Grétarsson,
kistan.is
(um Í upphafi var morðið)*

„Glæpasaga sem
bæði grípur og heldur.“

*Þorgerður Sigurðardóttir,
Kastljósið
(um Í upphafi var morðið)*

Fárviðri, fyrirboðar og feigð ...
SKIPIÐ, sem er sjöunda skáldsaga Stefáns Mána,
er hörkuspennandi tryllir og svo magnaður að lesanda
rennur kalt vatn milli skinns og hörunds.

Spennusögur sem trylla og skemmta

Náttúruefni & eðalmálmar

Skartgripir Dýrfinnu Torfadóttur gullsmíðs eru einstakir, enda unnir bæði úr eðalmálmum og efnum úr íslenskri náttúru svo sem fjörusteinum, fiskroði, hreindýrshornum og hrosshári.

Fyrst þegar reynt er að fá Dýrfinnu í viðtal er hún stödd í Frakklandi og í næstu tilraun svarar hún símanum í Berlín. Hún tekur samt erindinu vel og einn daginn er hún mætt í Skaftahlíðina, nýkomin ofan af Skaga þar sem hún á heima nú. Að íslenskum sið er hún fyrst spurð um veðrið. „Það var dálítið hvasst á Kjalarnesinu en ég er nú Vestfirðingur og kippi mér ekki upp við það,“ svarar hún og brosir góðlátlega. Næst er forvitnast um ferðir hennar erlendis og í ljós kemur að hún tók þátt í sýningu í Frakklandi í ágúst ásamt mörgum íslenskum hönnuðum og í Berlín sýndi hún í haust ásamt þremur öðrum gullsmíðum héðan. Nýlega var hún svo beðin um muni á sýningu í Bandaríkjunum og þar er hún ein Íslendinga. „Vissulega er ánægjulegt að fá jákvæða athygli,“ segir hún. „Svona sýningum fylgir mikil vinna en hún skilar sér. Þegar hátíðir og tyllidagar nálgastr hefur fólk samband við mig gegnum netið.“

Roðið segir hún hafa vakið sérstaka athygli í Berlín. „Ég nota bæði lax-og hlýraroð sem er sútað og litað á Sauðárkróki og í smíðinni blanda ég svo áli, gulli eða silfri saman við.“ Hún kveðst fá mikið út úr því að vinna með náttúruleg efni meðfram hinum dýru málmum og nefnir til dæmis kindahorn, fjörusteina og hrosshár. „Svo hef ég líka notað hreindýrahorn sem eru slípuð fyrir mig uppi í Borgarfirði,“ bætir hún við.

Dýrfinna byrjaði að læra gullsmíði árið 1975 úti í Noregi. „Það vildi enginn taka mig í læri hér á þeim tíma,“ segir hún til skýringar. „Þó lauk ég náminu á Akureyri hjá Péttri Breiðfjörð en fór strax út í sjálfstæðan rekstur þegar ég var búin og ákvað að setjast að á Ísafirði enda fædd þar og uppalin. Reyndar er ég lærður sjónfræðingur líka og hef starfað við það það fag jafnframt.“

Fyrir fimm árum flutti Dýrfinna á Akranes. „Maðurinn minn vildi fá sér aðra vinnu og ég flaut með,“ segir hún glaðlega. „Bróðir minn keypti af mér verslunina fyrir vestan, hann byrjaði að vinna hjá mér og lærði síðan sjónfræði,“ segir hún. Aðspurð kveðst hún oft skreppa enn til Ísafjarðar enda búi foreldrar hennar þar. „Ísfirðingar hafa alltaf verið mér hliðhollir gegnum tíðina,“ segir hún og bætir við: „Náttúran er líka sterk fyrir vestan og hefur góð áhrif á mig. Mér finnst gaman að vinna úr öllu sem tengist sjónum enda vann ég eiginlega



„Það kemur upp í mér jafnað-armaðurinn að vestan,“ segir Dýrfinna sem vill að sem flestir hafi efni á að bera skart eftir hana.



Álver fyrir iðnaðarmenn



Iðnaðarmannadagur Alcoa Fjarðaáls laugardaginn 25. nóvember

Atvinnutækifæri, námstækifæri, þjónustusamningar

Laugardaginn 25. nóvember opnum við dyrnar fyrir iðnaðarmönnum og iðnnemum. Við förum í skoðunarferð um álverið og kynnum bæði atvinnu- og námstækifæri iðnaðarmanna hjá Fjarðaáli og þjónustusamninga sem fyrirtækið mun gera við verktaka.

Skoðunarferð um álverið kl. 12:30

Kl. 12:30 verður lagt af stað í skoðunarferðina frá bílastæðinu við álverslóðina. Þar sem gera þarf ráð fyrir öryggisbúnaði eru þátttakendur beðnir um að skrá sig í skoðunarferðina á alcoa@alcoa.is eða í síma 470 7900.

Kynningarfundur kl. 14:00

Kl. 14:00 byrjum við kynningarfund í Veislumiðstöðinni (Barbeque Center) í starfsmannaþorpinu á Haga við Reyðarfjörð. Við fáum góða gesti í heimsókn til okkar, ræðum málin saman og njótum léttar veitinga. Formlegri dagskrá lýkur um kl. 16:00.

Rútuferðir

Við bjóðum upp á rútuferðir frá Akureyri, Húsavík, Höfn, Norðfirði, Eskifirði, Stöðvarfirði, Fáskrúðsfirði, Egilsstöðum og Reyðarfirði. Hægt er að skrá sig í rútuferð og fá nánari upplýsingar í síma 470 7900 og á alcoa.is.

Í álveri Alcoa Fjarðaáls verður meðal annars afkastamesta rafveita á landinu, 336 tölvustýrð rafgreiningarker, háþróaður lofthreinsibúnaður, fullkomin álvirasteypa, atvinnuslökkvilið og 250 farartæki af öllum stærðum og gerðum.



Kerskálakrani

Rafvirkjar (8 störf) og vélvirkjar (9 störf)

Við leitum að faglærðum rafvirkjum og vélvirkjum til að sinna viðhaldi tækja og búnaðar í hátæknivæddu álveri Alcoa Fjarðaáls við Reyðarfjörð. Faglegur metnaður og stöðug þróun verða leiðarljós okkar inn í framtíðina. Unnið er í teyrum samkvæmt stöðluðum verkferlum og ýrtruðu öryggiskröfum. Verkefni hvers starfsmanns verða fjölbreytt og mikið er lagt upp úr starfsþróun og símenntun.

Umsóknarfrestur er til og með 28. nóvember.
Viðkomandi þurfa að geta hafið störf 1. janúar 2007 eða síðar.

capacent
RÁÐNINGAR

Hægt er að sækja um störfín á capacent.is (aður IMG-Mannafl). Nánari upplýsingar fást á www.alcoa.is og hjá Sigurlaugu Þorsteinsdóttur (sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is) og Helgu Snædal (helga.snaedal@capacent.is) hjá Capacent í síma 540 1000.



www.alcoa.is


Alcoa Fjarðaál



alltaf í frystihúsi áður en ég fór að læra.“ Hún er ekki frá því að sköpun hennar hafi breyst og orðið aðeins mýkri eftir að hún flutti suður. En var henni kennt að smíða úr roði, hornum og fjörugrjóti í Noregi? „Nei, ég hef þróað það alveg sjálf. Auðvitað er ég með sígilda skartgripa líka fyrir allan aldur, frá skírn og upp úr. Finleg hálsmen úr gulli og silfri,“ segir hún og nefnir sérstaklega krossa og engla sem geta snúist á keðjunni og henta fyrir allan aldur. „Þeir hafa notið vinsælda enda eru þeir algerlega tímalausir,“ segir hún.

Verkstæði Dýrfinnu er á safnasvæðinu á Görðum og hún er ánægð með þá ákvörðun bæjaryfirvalda á Akranesi að tengja saman safnið og handverkið. „Að Görðum kemur fjöldi fólks á sumrin og stundum fæ ég hópa á öðrum tímum árs sem vilja fá að skoða það sem ég er að gera. Það er bara gaman.“

Dýrfinna selur einnig skartgripina sína hjá Ófeigi á Skólavörðustígnum, Mónu á Laugavegi, Módeli á Akranesi og Gullauga á Ísafirði. Hún kveðst merkja vaxandi áhuga fyrir íslensku skarti hjá íslenskum konum. „Ég tek eftir því að það eru vissar konur sem alltaf bera íslenska hönnun og auðvitað verð ég voða ánægð ef ég sé einhverja með skart eftir sjálfa mig,“ segir hún brosandí. „Ég hef reynt að gæta þess að hafa vörur á verði við allra hæfi þannig að sem flestir hafi efni á að kaupa og bera skart eftir mig. Mér finnst það mikið atriði,“ segir Dýrfinna og bætir við kankvís, „ég finn að það kemur upp í mér jafnaðarmaðurinn að vestan.“



4



5



6



7



8



9



10



11

Eikarhúsgögn í miklu úrvali

Vorum að taka inn mikið úrval eikarhúsgagna frá ChristianHarold



DeCoro sófasett á gjafverði



3ja sæta sófi + 2 stólar
Fáanlegt í brúnu og ljósu leðri



~~249.000.-~~ stgr. **179.000.-** stgr.
Takmarkað upplag

GP
gæðahúsgögn



Opið virka daga: 10-18
lau 11-16 sun 13-16

Dalshrauni 1 Hafnarfirði Sími: 565 1234

Sjónhverfingamaðurinn Eli Roth

Bandaríski leikstjórinn Eli Roth var nýverið staddur hérlandis við tökur á atriðum fyrir framhald hryllingsmyndarinnar *Hostel*. Myndin heitir *Hostel: Part II* og lýsir hremmingum þriggja stúlkna á ferð um Slóvakíu. Vegna þess hve vel tókst til segir Eli ekki loku fyrir það skotið að taka upp aðra mynd á Íslandi.

Eli er að undirbúa heimför sína til L.A. þegar við hittumst á Hótel Nordica þar sem hann hafði dvalið ásamt fríðu föruneyti á meðan á tökum stóð. Vonbrigðin leyndu sér ekki í röddinni þegar hann segir förina hafa verið alltof stutta að þessu sinni. Engin ástæða sé þó til að örvænta þar sem hann hyggist koma hingað aftur. Þótt það verði ekki nema til að fara í útreiðartúr. Tökurnar hafi hvort eð er verið hálfgerð afsökun til að bregða sér á bak.

VILDI SNEMMA VERÐA LEIKSTJÓRI

Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum er Eli mikill Íslandsvinur. Eli var 19 ára gamall þegar hann kom hingað fyrst með eldri bróður sínum og föður, dr. Sheldon Roth, sem var fenginn til þess að halda fyrirlestra og kenna við Háskóla Íslands. Halldóra Ólafsdóttir yfirlæknir á Landspítala - háskólasjúkrahúsi stakk upp á því að þeir bræður færu í sveit á Ingólfshvol í nokkrar vikur á meðan faðir þeirra sinnti starfi sínu og það varð úr.

„Í heildina lítið var þetta góður tími og í raun innblástur fyrir fyrstu kvikmynd mína í fullri lengd, *Cabin Fever* (2002),“ útskýrir Eli. Með því skírskotar hann til húðsýkingar sem hann fékk á meðan á vistinni stóð og gerð eru skil í myndinni þar sem söguhetjurnar eiga í höggi við skæðan vírus. „Atriðin í *Cabin Fever* eru ýkt útgáfa af því sem gerðist, en satt að segja var ég á tímabili frekar illa haldinn. Ég jafnaði mig til allrar lukku en þetta var erfið og lærdómsrík lífsreynsla.“

Eli hafði þarna ákveðið að hann vildi starfa við kvikmyndagerð í framtíðinni. „Ég hafði reyndar gert upp hug minn aðeins átta ára eftir að hafa séð kvikmyndina *Alien*,“ segir hann. „Eftir hana varð ég helst aldrei viðskila við litla 8 mm upptökuvél sem ég átti og hafði síðan meðferðis til Íslands, þar sem ég varði frítímanum í að gera stuttar hrollvekjur. Eldri bróðir minn benti mér nýverið á hversu lítið hefði raunverulega breyst frá þeim tíma. Ég er enn að búa til hryllingsmyndir á Íslandi en nú hef ég heilt kvikmynda-tökulið og kvikmyndaver sem fjármagnar þær.“

BEST GEYMDUR Í KJALLARANUM

Eli sneri aftur til Bandaríkjanna eftir sumarið á Íslandi, en fjölskylda hans bjó í Boston. Hann hóf stuttu síðar nám í kvik-

myndagerð við N.Y.U. í New York og útskrifaðist þaðan með láði árið 1994.

Næstu árin gegndi Eli margvíslegum störfum innan kvikmyndabransans og vann með þekktum leikstjórum á borð við David Lynch og Martin Brest. Samstarf Elis og Brests var vægast sagt stormasamt, en leikstjórinn rak hann úr starfi statista við gerð *Meet Joe Black* (1998) þar sem honum þótti hann standa sig illa. Eli var reyndar endurráðinn, en í öryggisskyni látinn stjórna loftræstingunni úr kjallaranum á meðan á tökum stóð, svo leikstjórinn úrilli kæmi ekki auga á hann.

Árið 1995 skrifaði Eli handrit að *Cabin Fever* í samvinnu við vin sinn, en vegna þess hve illa gekk að fjármagna myndina tók heil sex ár að gera hana. *Cabin Fever* vakti mikla athygli á kvikmyndahátíðinni í Toronto þar sem barist var um kvikmyndaréttinn að henni. *Lions Gate* hafði loks vinninginn og þurfti ekki að iðrast ákvörðunarinnar því myndin varð sú tekjuhæsta í sögu fyrirtækisins.

Eli segir velgengni *Cabin Fever* hafa markað þáttaskil fyrir hann sem leikstjóra, þar sem tilboð um að gera stórar Hollywood-myndir tóku að streyma til hans. „Ég stóðst hins vegar freistinguna og hélt áfram gerð ódýrra hryllingsmynda með kvikmyndinni *Hostel* (2005), sem fjallar um hrakför þriggja ferðamanna í Slóvakíu og varð vinsæl víða um heim.“ Hann hugsar sig um. „Nema kannski í Slóvakíu. Þarlend stjórnvöld eru mér líklegast bálreið fyrir þá dökku samfélagsmynd sem dregin er upp í myndinni.“

VERÐUR ÓGLATT VIÐ AÐ SJÁ ALVÖRU BLÓÐ

Eli segir marga vafalaust eiga í vandræðum með að skilja áhugann sem hann hefur á hryllingsmyndagerð, en hann sé drifinn áfram af ástríðu. „Mér er það mikið kappsmál að hefja aftur til vegs og virðingar hrollvekjuna sem hefur verið í stöðugri hnignun síðan hún náði hápunkti sínum á áttunda áratugnum, með myndum eins og *Jaws* og *The Exorcist*,“ útskýrir hann.

„Svo vil ég endurvekja áhrifin sem sjónhverfingar höfðu á áhorfendur sem börn, eins og við að sjá einhvern sagaðan í sundur. Slíkt hræðir börn um leið og þau brjóta heilann um hvernig brellan hafi verið framkvæmd. Myndirnar mínar eru sjónhverfingar handa fullorðnum. Eins kaldhæðnislega og það hljómar



„Ætli það eigi þó ekki eftir að reita slóvakísk yfirvöld frekar til reiði þegar í ljós kemur að fallegustu landslagssenurnar í Slóvakíu skuli vera skotnar á Íslandi.“

verður mér, hryllingsmyndaleikstjóranum sjálfum, óglatt við að sjá alvöru blóð. Mig hryllir hreinlega við að heyra af öllum óhugnaðinum sem á sér stað í heiminum, til dæmis af stríðsglæpum bandarískra stjórnvalda í Írak. Með því að setja óhugnaðinn fram á ýktan hátt má segja að ég sé öðrum þræði fremur að hjálpa fólki við að halda sönsum.“

Eli bætir við að þess utan telji hann sig vera að gera frábærar stefnumótamyndir. „Rómantískar myndir eru gagnslausar, það eru hrollvekjurnar sem skila raunverulegum árangri. Sú eða sá sem maður býður í bíó verður svo skelfingu lostinn á meðan á sýningu stendur að viðkomandi hjúfrar sig upp að manni. Síðan eru töluverðar líkur á að maður fái heimboð eftir á, þar sem viðkomandi þorir ekki að vera einsamall. Varla er það ámælisvert að gera góðar stefnumótamyndir,“ segir hann og glottir.



LANGPRÁÐUR DRAUMUR RÆTTIST

Eli segist hafa verið staðráðinn í að skjóta einhvern tímann á Íslandi eftir veruna á Ingólfshvoli. Vegna óviðjafnanlegrar náttúrufegurðar og góðra birtuskilyrða á sumrin telur hann landið kjörinn kvikmyndatökustað. Þótt hann fengi hvorki tækifæri til þess við gerð Cabin Fever né Hostel lék landið óbeint hlutverk í báðum myndum. Eins og áður sagði kviknaði hugmyndin að Cabin Fever á Íslandi og svo fór að Eli réð Eyþór Guðjónsson til að leika Íslendinginn Óla í Hostel.

Um kynni þeirra Eyþórs segist Eli hafa hitt hann í gegnum sameiginlegan vin og féll hann strax í geð. „Mér líkar hversu uppátækjasamur Eyþór er,“ segir Eli. „Sem dæmi hélt hann matarboð fyrir mig, Quentin Tarantino og fleiri heima hjá sér á síðasta ári. Gestunum fóru skyndilega að berast neyðaróp úr kjallara hússins klukkutíma eftir að matarboðið hófst. Eyþór lét sem ekkert væri, svo enginn vissi hvernig hann átti að vera. Loks spratt upp úr kjallaranum maður uppabúinn að hætti gerpisins í Pulp Fiction. Eftir að hafa látið öllum illum látum hljóp gerpið út eins og það væri að sleppa úr dýflissu. Fyrst sló þögn á mannskapinn en svo áttuðu menn sig á að um grín var að ræða og veltust um af hlátri. Ekki liðu þó nema nokkrar mínútur þar til náunginn var farinn að berja öskrandi á útidyrnar. Þá hafði vesalingurinn gleymt bílyklunum inni og var við það að frjóska í hel.“

Eli hefur tröllatrú á Eyþóri og réð hann því til að annast framleiðsluhlið Hostel: Part II á meðan á tökum stóð hérlendis, en hann mun ekki endurtaka hlutverk sitt þar sem persóna hann dó í fyrri myndinni. „Eyþór leysti erfitt verk vel af hendi,“ segir hann. „Enda ekki á hverjum degi sem Bláa lóninu og World Class í Laugum er breytt í Slóvakíu. Ætli það eigi þó ekki eftir að reita slóvakísk yfirvöld frekar til reiði þegar í ljós kemur að fallegustu landslagssenurnar í Slóvakíu skuli vera skotnar á Íslandi. Hvað um það, langþráður draumur minn um að mynda hér rättist.“

MYND UM MENNINGARNÓTT

Margt er á döfinni hjá Eli. Hostel: Part II, er nú í eftirvinnslu og hann undirbýr leikstjórn á kvikmyndinni Cell, sem er byggð á samnefndri sögu Stephens King. Myndin fjallar um uppvakningafaraldur sem geisar fyrir tilstilli farsíma og eftirvæntingin leynir sér ekki þegar Eli ræðir um verkefnið, enda segist hann vera mikill aðdáandi rithöfundarins. Hann segist ætla að vera samur við sig svo aðdáendur hans ættu ekki að verða sviknir um blóðug atriði.

Eli segist jafnframt hafa áhuga að gera hrollveku á Íslandi. „Ég er með hugmynd að ódýrri hryllingsmynd, sem ég kalla Culture Night. Ég ætla mér einfaldlega að ganga upp Laugavegin á Menningarnótt og mynda drykkjulætin.“ Hann gýtur augunum stríðnislega til blaðamannsins til að kanna viðbrögðin. „Nei, í alvöru talað þá langar mig til að gera draugamynd á Íslandi. Ég þarf bara að fá kvikmyndaverin til að samþykkja hugmyndina. Staðreyndin er sú að ég nota hvaða afsökun sem er til að koma aftur hingað, enda slappa ég hvergi betur af en hér. Ætli það endi ekki bara með að ég festi kaup á húsnæði hérna. Þetta verður að minnsta kosti ekki í síðasta skipti sem Íslendingar sjá mig, svo mikið er víst.“

DENON

Pitt eigið tónlistarhús

Heimabíómagnarar, magnarar og DVD

DENON margverðlaunað af virtustu fagtimaritum
fyrir útlit og hágæða hljómflutning



80 W x 7 (8 ohms) • 56 stöðva (AM/FM) minni • Sjálfvirk stilling með hljóðnema

DENON AVR-1906 magnari



15 gerðir verð frá 39.900



CANTON

Movie 101 CD
heimabíóhátalarar



kíktu á

www.ef.is



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími 520 7900 • www.ef.is



Texti: ROALD VIÐAR EYVINDSSON Myndir: AFP

Járnfrúin af Líberíu

Ellen Johnson-Sirleaf, forseti Líberíu, er fyrsta konan til að ná forsetastól í Afríku auk þess að vera fyrsti svarti kvenforsetinn í heiminum. Hún hefur marga fjöruna sopið og meðal annars sat hún í fangelsi í tíu ár fyrir að andmæla stjórnháttum fyrrum forseta Líberíu.

Ellen Johnson-Sirleaf (f. 1938) varð fyrst kvenna forseti í Afríku þann 23. nóvember árið 2005, nánar tiltekið í Líberíu, þegar hún hlaut meirihluta atkvæða með 20 prósentu forskoti á mótherja sinn, fótboltamanninn George Weah, og varð þar með jafnframt fyrsti svarti kvenforseti veraldar.

Ellen þykir eiga erfitt verk fyrir höndum, þar sem hún þarf að rétta við efnahag Líberíu, sem er í rúst eftir tvær blóðugar borgarastyrjaldir sem geisluðu þar á árunum 1989-1996 og 1999-2003. Þá þarf hún enn fremur að sýna þegnum sínum að hún sé starfi sínu vaxin, en sumir samlanda hennar, þó aðallega andstæðingar, efast um að kona geti gegnt embættinu.

Stuðningsmenn hennar efast ekki um að hún eigi eftir að standa sig með þryði, enda er hún enginn nýgræðingur í stjórnmálum. Hún var til að mynda aðstoðarfrjálmáráðherra í stjórnatíð

Williams Tolbert forseta á seinni hluta 8. áratugarins. Þegar hann var drepinn árið 1980 fór hún í útlegð til Naíróbí í Kenía. Árið 1985 sneri hún aftur á þing en var dæmd í tíu ára fangelsi fyrir að andmæla stjórnháttum Samuels Doe, herforingja og þáverandi forseta, sem stóð fyrir morðinu á Tolbert.

Fangelsisdvölin varð á endanum í styttri kantinum og Ellen fluttist til Washington D.C. Var það ekki í fyrsta sinn sem hún dvaldist í Bandaríkjunum því áður hafði hún lokið námi í bókshaldi við Madison Business College árið 1964, hagfræði við University of Colorado árið 1970 og opinberri stjórnsýslu við Harvard University árið 1971. Tengsl hennar við Bandaríkin eru því sterk og tveir af fjórum sonum hennar búa ásamt fjölskyldum sínum í Atlanta í Georgíuríki.

Ellen sneri aftur til Líberíu árið 1997 sem starfsmaður World Bank og City

Bank of Africa. Stuttu eftir komuna hóf hún aftur afskipti af stjórnmálum og bauð sig fram gegn Charles Taylor í forsetakosningum sama ár. Hún hafði áður stutt Taylor í uppreisn gegn Doe árið 1990, en snerist gegn honum vegna blóðsúthellinganna sem fylgdu uppreisninni.

Ellen tapaði fyrir Taylor, en tók við flokki hans, Unity Party, eftir að hann var hrakinn frá völdum. Hún bauð sig síðan fram til forsetakosninga árið 2005 og fékk næstmesta fylgið sem gerði henni kleift að taka þátt með fyrrgreindum árangri.

Síðan hún tók við embætti er talið að henni hafi verið sýnt banatilræði, það er þegar kviknaði í líberíska forsetabústaðnum í júlí á þessu ári. Hún lét það þó ekki á sig fá frekar en annað og heldur ótraud áfram, enda verið nefnd Járnfrúin vegna þeirrar ótrúlegu hörku og dugnaðar sem hún þykir búa yfir.



Brosdagar

Full búð af góðum tilboðum

BORÐ FYRIR TVÖ

Skemmuvegi 6 - blá gata

Bökum bökur

Bökur eru skemmtilegur matur sem auðvelt er að elda heima. Þær geta verið matarmiklar, góðar með súpu eða salati og sniðugar á hlaðborð eða í dögurð (brunch). Sætar bökur eru þá frekar á kökuhlaðborð, eða sem eftirréttur. Yfirleitt er frekar einfalt að baka böku – og sérstaklega þar sem hægt er að kaupa tilbúið og útflatt bökudeig í stærri matvöruverslunum. Einfalt er þó að gera deigið sjálfur, og þægilegt að gera það jafnvel daginn áður. Hér eru uppskriftir af tveimur böku. Önnur getur talist mitt á milli þess að vera matarmikil eða sæt, með perum og gorgonzola-osti. Hin er sætari, með döðlum og mascarpone-osti. Gefin er upp ein uppskrift af bökubotni fyrir báðar bökurnar.

DEIG:

350 g hveiti
½ tsk salt
1 msk flórsykur
200 g smjör skorið í teninga,
kælt (ekki hart)
2 eggjarauður
kalt vatn

Hrærið saman hveiti, salt, sykur og smjör í hrærivél eða matvinnsluvél þar til úr verður mylsna í hálfgerðum kögglum. Setjið eggjarauðurnar saman við og hrærið vel. Á meðan hrært er skal hella örlitlu af köldu vatni saman við deigið

þar til það nær að hnoðast saman í kúlu. Hnoðið þá í höndunum um stund og vefjið að lokum plastfilmu utan um deigið. Stingið í kælskáp og kælið í a.m.k. klukkustund. Óhætt er að geyma deigið í kælskápi í allt að tvo sólarhringa. Þegar nota á deigið þarf að hnoða það aðeins áður en það er flatt út á hveitistráðu borði. Hægt er að miða við að stærð deigsins þurfi að vera 35 cm í þvermál og passi í 23 cm böku- eða kökuform. Skerið út hring í deigið og leggið deigið í formið. Það á að vera stórt fyrir perubökuna en döðlubökudeigið má skera við barma formsins.

Perubaka með gorgonzola-osti

FYLLING:

4 meðalþroskaðar perur, skornar í báta
safí úr hálfri sítrónu
2 msk flórsykur
1 msk hveiti
100 g demerarasýkur
200 g gorgonzola-ostur
mjólk til penslunar

Veltið perunum upp úr sítrónusafanum, stráið flórsykri yfir og látið standa í 30 mín. Þerrið þá perurnar, setjið í skál og stráið hveitinu yfir þær. Veltið upp úr hveitinu. Stráið demerarasýkrinum yfir perurnar og blandið vel saman. Myljið helming af ostinum saman við. Hellið perunum í bökudeigið. Lokið með deiginu sem stendur út af. Stráið afganginum af ostinum yfir perurnar sem ekki eru þaktar deigi. Bakið við 180 gráður í um 45 mín. eða þar til osturinn er vel bráðinn og deigið gullið. Berið bökuna fram heita en hún er ekki síðri við stofuhita.



Lindu suðusúkkulaði



Súkkulaðisamleikur
sælkerans



Lindu suðusúkkulaði - ómótstæðilega gott!



Döðlubaka með mascarpone-osti

FYLLING:

1 ½ b mjúkar og heilar döðlur,
skornar í tvennt á langveginn
250 g mascarpone-ostur
½ b rjómi
2 egg
2 msk flórsykur
1 msk kartöflumjöl
2 tsf vanilludropar

Raðið döðlunum á bökudeigið. Hrærið saman ost, rjóma, egg, sykur, kartöflumjöl og vanilludropa þar til mjúkt og kekkjalaust. Hellið ostablöndunni yfir döðlurnar og deigið. Bakið við 180 gráður í 35 mín. þar til bakan er gullin og stinn. Berið bökuna fram kalda með rjóma eða ís.





Delicatessen

OSTABÚÐIN

SKÓLAVÖRÐUSTÍG

Ostabakkar

Ostakörfur

Sælkerakörfur

Forréttaveislur

Kokteilsnuttur

Veislupjónusta



Ostabúðin er sælkeraverslun með ostaborði, forréttar- og áleggaborði, mikið úrval af pasta, olíum og ediki.

Einnig er veislupjónusta er á staðunum og boðið er upp á léttu hádegisrétti sem hægt er að borða í Ostabúðinni eða taka með sér.

Bjóðum upp á veislumáltíðir af ýmsu tagi, bæði í heimahús og í veislusali, allt frá léttum hádegisverði upp í margréttaðan kvöldverð. Allt eftir óskum hvers og eins.

Kíktu inn á heimasíðu okkar ostabudin.is til sjá hvað í boði er, en mundu að hægt er að útbúa hverskonar rétti eftir þínu höfði.

Taktu þátt í
sælkeraleik á netinu.
www.ostabudin.is



Ostabúðin Delicatessen - Skólavörðustíg 8 - Sími 562 2772 - ostabudin@ostabudin.is
Opíð virka daga 11:00-18:00 - laugardaga 11:00-16:00

VANDAÐAR VETRARVÖRUR

KYNNING



1. Companys Kringlunni. vesti 7.990 kr., skyrta 3.990 kr. 2. Next Kringlunni. 1.290 kr. 3. Companys Kringlunni. 12.990 kr. 4. Companys Kringlunni. 6.990 kr. 5. Next Kringlunni. 4.390 kr. 6. Companys Kringlunni. 9.990 kr. 7. Next Kringlunni. 6.290 kr. 8. Companys Kringlunni. peysa 7.990 kr., toppur 1.990 kr. 9. Companys Kringlunni. 8.990 kr. 10. Kiss Kringlunni. 7.990 kr. 11. Next Kringlunni. 6.190 kr. 12. Next Kringlunni. 13.190 kr. 13. Kiss Kringlunni. 3.990 kr.


7



8



9



10



11



12



13





Fjólublái liturinn er líffegur á Evu Mendez.

FJÓLUBLÁTT

Unaðslega mjúkur og munúðarfullur litur, allt frá lilla-bláum upp í djúp-fjólubláan. Hann er flottur bæði með gulli og silfri en sjálfur er hann frekur á athygli og þó honum sé blandað við aðra liti, er það hann sem maður tekur eftir. Við sjáum hér hvernig stjörnurnar bera þennan fallega lit.



Dita Von Teese er dúkkuleg í þessum útviða kjól.



Maggie Gyllenhaal er flott í fjólubláu.



Myndir: GETTY IMAGES

Sarah Jessica Parker í einstaklega flottri litasamsetningu. Rauðir skór og túrkisbláir eyrnalokkar við fjólubláan kjól.

Heimilið

Snyrtivörur

Börn



3.990 kr.



3.990 kr.

Jólin: Í augum barnanna

Úrvalið af fallegri gjafa- og merkjavöru, fyrir konuna, karlinn, börnin og búið, hefur aldrei verið meira. Og verðið kemur öllum í ekta jólaslap.



3.790 kr.



3.490 kr.

Dömur

Herrar

DEBENHAMS

-FER ÞÉR VEL!





SÓGLERAUGU
Töffaraleg og flott, úr Gyllta kettinum.

SPÖNG Metalliturinn setur sterkan svip á heildarútlitið. Fæst í Rokki og rósum.



DÖKKBLÁR Flottur jakki úr Spúútnik.

SILFRUÐ
Fín taska úr Spúútnik.



FRÁBÆRAR Koparlitaðar leggings frá Liborious.



Flott framtíðarsýn

Tískuhönnuðir hafa lengi horft til geimsins, framtíðarinnar og tækniheimsins þegar þeir leita innblásturs og munu sennilega alltaf gera. Pierre Cardin var fyrstur til að kynna geimaldarstílinn á sjötta áratugnum og síðan hafa ófáir hönnuðir fylgt eftir. Á nýafstöðnum tískuvikum kynnti Nicolas Ghesquiere, yfirhönnuður hjá Balenciaga, línu í þessum stíl. Innblásturinn segir hann vera vélmenni og tækni. Auðvelt er að tileinka sér geimaldarstílinn að einhverju leyti með því að blanda saman formföstum flíkum og metal-tónum.

VÉLMENNIN Metal-buxur, rúmfræðileg form og geimaldarstíll úr nýjstu línu Balenciaga.

BREITT BELTI Fæst í Gyllta kettinum.



GLITRANDI
Fallegar svartar buxur frá Liborious.



STRÚKTÚR Töffaralegur jakki frá April 77. Fæst í Liborious.



GLÆSILEGIR
Dásamlega fallega lagaðir skór úr 38 þrepum.



Glæsileg verslun

Emilía

Hefur nú opnað að
Suðurlandsbraut 52,
(Bláu húsunum við Fákafen)

Samkvæmiskjólar, dragtir,
toppar, skart og fylgihlutir.

Frábær tilboð í gangi
út nóvember.

Opnunartími mán-fös 11-18 • lau 11-16 • Sími 588-9925

Tískuíkon #5

GRACE KELLY


Grace Kelly hefur af mörgum verið talin ein fegursta kona heims. Hún þótti hafa fullkomna ásjónu, svo fullkomna að það hefur verið vísindalega staðfest að hlutföll hennar hafi verið í 100% samræmi á allan hátt. Það er því skemmtilegt frá því að segja að fegurð hennar (sem kom beinlínis frá Guði) er í dag notuð sem fyrirmynd hjá fjölda lýtalækna víða um heim.

Leikkonan, fyrirsætan og prinsessan Grace Kelly fæddist þann 12. nóvember árið 1929. Hún var af bandarískum aðli og faðir hennar var vel þekktur milljónamæringur, pólitikus og handhafi gullólympíuverðlauna í róðri. Fjölskylda Grace Kelly var í fyrstu mótfallin því að hún legði stund á leiklistarnám en það breyttist síðar þegar hún hlaut meðal annars óskarsverðlaunatilnefningar fyrir leik sinn. Hún lék ásamt öðru í þremur myndum eftir Alfred Hitchcock; Dial M for Murder, The Rear Window og To Catch a Thief. Grace Kelly kynntist Prince Rainer þriðja af Mónakó árið 1956, um þær mundir sem hún lék í myndinni High Society (skemmtileg tilviljun).

Þegar prinsinn gekk að eiga hana krafðist hann þess að hún gæfi leiklistarferil sinn upp á bátinn og Grace lét undan, en tjáði sig þó um það opinberlega að sú fórn hefði ekki verið framin af fúsum og frjálsum vilja. Hún eignaðist þrjú börn með furstanum sem síðar hafa komist í kastljósið, meðal annars fyrir villt-an lífsstíl, en erfingi krúnunnar í dag er elsta dóttir þeirra, Karólína prinsessa. Grace Kelly lést í bíslýsi árið 1982, þá aðeins 52 ára. Minning hennar lifir þó í hugum fólks og á hvíta tjalduinu, enda var hún án efa ein þokkafyllsta og fegursta kona sem uppi var á síðustu öld.



*Vorum að taka upp spennandi
fatnað fyrir jólin! ...einnig stórar stærðir*



La Femme
Luxury Bodysuit

Laugavegi 4 Sími 511 1050

Hollustuna heim!

Hollur og góður kinamatur,
stórir skammtar - beint heim til þín.



TILBOÐ 1

Djúpstektar ræjur
Original hot and
sweet svínakjöt
Snöggsteikt rauta-
kjöt í ostrusösu
Kínverskar
eggjanóður
májköklingi og
grænmeti
Hrisgrjón, súrsæt
sósa, þrjónar og
soya sósa

1.345 á mann
2.690 fyrir tvo

TILBOÐ 2

Djúpstektar ræjur
Peking kjúklingur
m/kínaveppum
Wok steikt lamba-
kjöt m/hvartbauna-
sósu
Original hot and
sweet svínakjöt
Hrisgrjón súrsæt
sósa, þrjónar og
soya

1.445 á mann
2.890 fyrir tvo

TILBOÐ 3

Rífljapartý

Kontón svínarífl
Hrisgrjón, þrjónar
og soya
poki af Maarud

1.250 á mann
2.500 fyrir tvo

2 L COKE OG RÆJUFLÖGUR FYLOJA Í „TAKE AWAY“

BARNABOX



2 kjúklingaleggir franskar
og kokteilsósa kinderegg
700 kr




ORIENTAL RESTAURANT • LAUGAVEGI 19

FRÍ HEIMSENDING

Lágmarkspórtun er kr. 1.900,- en kr. 4.000,- í Hafnarfjörð.
Opíð: mán-fimmtudaga 12-21:30, föstu og laugardaga 12-22:30
sunnudaga 17-21:30, www.indokina.is

PÖNTUNARSÍMI 552 2399

Uppruni
hlutanna



PÚSLUSPILIÐ

Til er skrítila sem útskýra á uppruna púsluspilsins. Einu sinni var Skoti sem var nískari en skrattinn sjálfur. Hann fann upp púsluspilið þegar hann missti silfurpening niður í hakkavélina.

Efast verður um sagnfræðilegt gildi þessarar útskýringar því erfitt er að benda á hver fann upp púsluspilið og í hvaða tilgangi. Sá sem var fyrstur til að markaðssetja það og gera það vinselt er hins vegar þekktur. Hann hét John Spilsbury og bjó rétt sunnan við Skotann, nánar tiltekið í London. Hann var kortagerðarmaður og skrifari sem datt í lukkupottinn í kringum 1760 er hann byrjaði að fjölda-framleiða viðarplötur með kortum sem búið var að saga niður.

